

# FUNDARGERÐ

## BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**616. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 12. október 2009  
kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.**

### Dagskrá:

1. Dagur atvinnulífsins – Boðskort SSNV.
2. Erindi Icelandic Water Export.
3. Ályktanir aðalfundar Smábátafélagsins Skalla.
4. Skólaþing sveitarfélaga 2. nóvember 2009.
5. Drög að reglum um rjúpnaveiði haustið 2009.
6. Viðræður við fulltrúa Flugleiðahótela ehf.

### Afgreiðslur:

1. Til kynningar lagt fram boðskort frá SSNV þar sem boðið er til ráðstefnu á Blönduósi þann 15. október nk. kl. 10:00 í tilefni af „Degi atvinnulífsins“.
2. Fram lagt erindi Icelandic Water Export þar sem óskað er 16-24 mánaða framlengingar á ákvæði 2.1. í viðauka við samning fyrirtækisins við Húnaþing vestra um kaup á vatni. Byggðarráð samþykkir að umrætt ákvæði verði framlengt um 12 mánuði.
3. Fram lagðar til kynningar ályktanir aðalfundar Smábátafélagsins Skalla frá 16. september sl. Byggðarráð tekur undir ályktanir félagsins varðandi byggðakvóta og strandveiðar.
4. Til kynningar lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem tilkynnt er að Skólaþing sveitarfélaga verði haldið 2. nóvember nk. í Reykjavík.
5. Lögð fram drög að reglum um rjúpnaveiði á jörðum og afréttum í eigu Húnaþings vestra haustið 2009. Byggðarráð samþykkir reglurnar.
6. Fulltrúar Flugleiðahótela ehf. boðuðu forföll og því er fundi þeirra með byggðarráði frestað.

### Samþykkt að taka á dagskrá:

7. Fram lögð til kynning um fund Alþingismanna Norðvesturkjördæmis með fulltrúum sveitarstjórna á Norðurlandi vestra. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 27. október nk. kl. 13:00 í Félagsheimilinu Hvammstanga.
8. Byggðarráð felur sveitarstjóra að auglýsa til leigu félagslega íbúð að Hvammstangabraut 16 efri hæð.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

P. Karl Eggertsson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).

Fundi slitið kl. 10:35

Skúli Þórðarson(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.).